

## UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

### 12. Matvælaöryggi - dýraheilbrigði

#### Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um EES kafla (I) hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi 12. kafla um matvælaöryggi - dýraheilbrigði. Kaflinn fellur að hluta til undir EES-samninginn og hluti af gerðum Evrópusambandsins á sviðinu eru þegar innleiddar eða verða innleiddar á næstunni.

Samningahópurinn leggur til að eftirfarandi atriðum verði haldið til haga á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB:

*EES undanþágur, aðlaganir og sérlausnir sem forsendur eru til að halda komi til ESB aðildar*

- Undanþága frá reglum ESB um innflutning lifandi dýra og dýraheilbrigði.
- Undanþága til að banna innflutning á kjöt- og beinamjöli og afurðum sem innihalda slíkar afurðir.
- Undanþága varðandi ræktun á sauðfé sem talið er hafa arfbera fyrir þoli gegn riðuveiki.

*Annað sem semja þarf um*

Í íslenskum lögum er innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sama á við um ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill til Íslands. Markmiðið er að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, og er þá ekki síst höfð í huga langvarandi einangrun búfjárstofna okkar sem reynslan hefur sýnt að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem litlum skaða valda í öðrum löndum.

Þrátt fyrir innflutningsbann vegna lifandi dýra er heimilt samkvæmt 2. mgr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður tilteknum skilyrðum. Rétt er að vekja athygli á því að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu álitu Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

## Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða.

### Kafla 12 - Dýraheilbrigði

#### Samantekt

12. samningskafla aðildarviðræðna við ESB fjallar um matvælaöryggi og samanstendur af löggjöf Evrópusambandsins (ESB) um dýraheilbrigði, plöntuheilbrigði/sáðvöru og almennri löggjöf um hollustuhætti matvæla og fódurs. Í þessari greinargerð er einungis fjallað um löggjöf sem snýr að dýraheilbrigði.

Nokkur hluti löggjafar ESB, u.þ.b. 130 gerðir, á þessu sviði hefur verið tekinn upp í EES-samninginn eða er á leið inn í hann og hafa þær gerðir ekki verið rýndar sérstaklega. Hér má nefna gerðir sem voru teknar inn í EES samninginn fyrir nokkrum árum og varða fiskeldi og skelfiskrækt. Síðan er hluti af gerðum sem samið var um við ESB að taka inn í samninginn 2007 þar sem þær tilheyrðu matvælaöryggi. Þessar gerðir taka gildi 1. nóvember 2011 hvað varðar dýraheilbrigði.

Greinargerðin fjallar því um þau svið löggjafar ESB um dýraheilbrigði, dýravelferð og búfjárrækt, sem ekki hefur verið tekin inn í EES-samninginn. Alls hafa verið rýndar tæplega 200 gerðir sem tilheyra þessu sviði.

Komi til aðildar að ESB og innleiðingar þessara gerða er lagabreytinga þörf hér á landi. Þetta á sérstaklega við um þær gerðir sem fjalla um dýraheilbrigði og innflutning dýra. Á grundvelli EES hefur verið samið um undanþágur vegna löggjafar um flestar gerðir varðandi dýrasjúkdóma og allar gerðir varðandi frjálsa för lifandi dýra, búfjárræktar og dýravelferðar. Helsta hagsmunamál Íslands á þessu sviði er að samið verði um áframhaldandi undanþágur vegna innflutnings lifandi dýra og dýraheilbrigðis.

#### Efni kafla

Löggjöf ESB varðandi dýraheilbrigði er umfangsmikil og hefur verið skipt niður í 12 undirkafla, þar sem gerðum hefur verið raðað í flokka.:

1. Stjórnun ( control ) innri markaðarins – 7 flokkar
2. Stjórnun vegna innflutnings – 7 flokkar
3. Einstaklingsmerkingar dýra, skráningar þeirra og skráningar vegna flutninga – 4 flokkar
4. Stjórnun vegna dýrasjúkdóma – 13 flokkar
5. Verslun á innri markaðinum með lifandi dýr og erfðaeefni þeirra – 9 flokkar
6. Flutningar gæludýra í einkaeigu – 1 flokkur
7. Bönnuð efni og eftirlit með efnaleifum – 2 flokkar
8. Kröfur vegna innflutnings á lifandi dýrum og afurðum þeirra – A og B hlutar með 12 flokkum
9. ESB og alþjóðlegir samningar

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

10. Dýravelferð – I og II hlutar 6 flokkar
11. Búfjárrækt – 7 flokkar
12. Dýraheilbrigði og fjármál

Löggjöf ESB á sviði dýraheilbrigðis er umfangsmikil og sett fram í a.m.k. 330 gerðum. Meginmarkmið gerðanna er að hafa stjórn á dýrasjúkdómum og dýraheilbrigði í aðildarríkjunum, bæði með stjórn á innflutningi á lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju ríkjum og síðan stjórnun innri markaðsins í aðildarlöndunum þegar dýrasjúkdómar koma upp. Löggjöfin nær einnig til krafna sem gerðar eru vegna dýravelferðar og búfjárræktar og einnig til neytendaverndar, t.d. hvað varðar leifar aðskotaefna í dýraafurðum til manneldis og til ýmissa sjúkdómsvaldandi örvera sem geta borist milli dýra og manna, svo sem salmonellu, kamfýlóbakter og fuglaflensu veira.

Mikilvægt er að taka fram að hluti af þeim u.þ.b. 130 gerðum sem samið hefur verið um við ESB að taka inn í EES samninginn, nú síðast 2007, voru taldar nauðsynlegar til innleiðingar, þar sem þær tilheyrðu að hluta til matvælaöryggi. Þessar gerðir taka gildi 1. nóvember 2011 hvað varðar dýraafurðir. Nokkrar grunn tilskipanir fjalla einnig um lifandi dýr, sem samið var um áframhaldandi undanþágur fyrir. Þessar gerðir eru m.a. :

A. Tilskipun ráðsins nr. 89/662/EEC um eftirlit með dýraheilbrigði í viðskiptum á innra markaðinum.

Þessi gerð var sett á sínum tíma til að undirbúa niðurfellingu landamæraeftirlits á dýraafurðum 1993. Með henni var sett sú meginregla, að afurðir eiga að vera skoðaðar á framleiðslustað undir eftirliti framleiðslulandsins og eftir það í frjálsum flæði á innra markaðinum, en ekki sæta eftirliti við flutning til annarra aðildarlanda nema undir sérstökum kringumstæðum. Gerðin var innleidd á Íslandi á sínum tíma þegar samið var við ESB um frjálst flæði á fiskafurðum og með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar 2007 skyldi hún tekin upp að fullu og koma til framkvæmda hvað varðar kjöt, mjólk og egg þann 1. nóvember 2011.

Lög nr. 143/2009 eru í samræmi við efnisákvæði gerðarinnar að öðru leyti en því að innflutningsbann á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim helst og er ekki afnumið. Sama á við um ósóttthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en slíkur innflutningur er óheimill.

Í nefndarálitum sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar segir um þetta atriði frumvarpsins: “Frumvarpið er í samræmi við efnisákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að teknu tilliti til 13. gr. EES-samningsins að því er varðar innflutning á hráu kjöti, hráum eggjum, alidýraáburði og ósóttthreinsuðum hráum skinnum og húðum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Núverandi fyrirkomulagi í innflutningi er viðhaldið með það að markmiði að tryggja núverandi stöðu sjúkdómavarna vegna dýra og manna, og er þar sérstaklega litið til langvarandi einangrunar búfjárstofna okkar sem reynslan sýnir að geta verið sérlega næmir fyrir sjúkdómum sem ef til vill eru ekki skaðlegir erlendis, allt í samræmi við 13. gr. EES-samningsins.”

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

B. Tilskipun ráðsins nr. 90/425/EEC um eftirlit með dýraheilbrigði og búfjárrækt í viðskiptum á innra markaðinum með ákveðin lifandi dýr og dýraafurðir.

Þessi gerð fjallar um það eftirlit sem krafist er af aðildarlandi í ESB varðandi heilbrigðiseftirlit með þeim dýrum og dýraafurðum sem þar eru framleidd og sett á markað í aðildarlöndunum.

Upptaka gerðarinnar mun gera auknar kröfur, með tilheyrandi kostnaði, til eftirlits Matvælastofnunar með þessum þáttum. Kostnaður vegna dýraafurða hlýst af EES samningnum en kostnaður vegna lifandi dýra af ESB aðild, fáist ekki undanþága á slíkum innflutningi.

C. Tilskipun ráðsins nr. 91/496/EEC um þær kröfur sem liggja til grundvallar við eftirlit með dýraheilbrigði við innflutning dýra frá þriðju ríkjum.

Efni þessarar gerðar er svipað og gerðar nr. 90/425/EEC, en snýr að kröfum vegna innflutnings á dýrum frá þriðju löndum. Kostnaður við innleiðingu gerðarinnar felst í því að setja þarf upp landamærastöðvar þar sem skoðun dýra frá þriðju löndum fer fram.

D. Tilskipun ráðsins nr. 97/78/EEC um þær kröfur sem liggja til grundvallar við eftirlit með dýraheilbrigði við innflutning á dýraafurðum frá þriðju ríkjum.

Efni þessarar gerðar er svipað og gerðar nr. 90/425/EEC, en snýr að kröfum vegna innflutnings á dýraafurðum frá þriðju löndum.

Kostnaður við innleiðingu gerðarinnar felst í því að setja þarf upp landamærastöðvar, eða bæta við þær sem fyrir eru, þar sem skoðun búfjárafurða frá þriðju löndum fer fram.

Þar sem þessar gerðir tilheyra að hluta til ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar 2007 þá voru þær ekki rýndar sérstaklega.

### ***Mikilvægustu gerðir***

#### *1. Stjórnun innri markaðarins – 7 flokkar*

Mikilvægasta grunngerðin í þessum undirkafla er tilskipun ráðsins nr. 90/425/EEC um eftirlit með dýraheilbrigði og búfjárrækt í viðskiptum á innri markaðinum með ákveðin lifandi dýr og dýraafurðir. Þessi gerð er hluti af EES samningnum hvað varðar dýraafurðir og kemur sá þáttur til framkvæmda hér á landi 1. nóvember 2011. Undanþágur eru í gildi hvað varðar lifandi dýr. Kæmi til aðildar að ESB og innleiðingar þessarar gerðar að fullu, yrði frjálst að flytja lifandi dýr til Íslands frá aðildarlöndum EES svæðisins, án þess að þau færu í sóttkví hér á landi. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á dýraheilbrigði sökum næmni við erlendum dýrasjúkdómum.. EFTA-EES löndin Noregur og Liechtenstein hafa tekið upp þessa gerð.

Önnur mikilvæg gerð í þessum undirkafla er tilskipun ráðsins nr. 89/662/EEC um eftirlit með dýraheilbrigði í viðskiptum á innri markaðinum. Sama gildir um hana og 90/425/EEC þó hún eigi fyrst og fremst við dýraafurðir

Þær gerðir sem voru rýndar í þessum undirkafla hafa yfirleitt stoð í þessum tilskipunum.

#### *2. Stjórnun vegna innflutnings – 7 flokkar*

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Mikilvægasta grunngerðin í þessum undirkafla er tilskipun ráðsins nr. 91/496/EEC um þær kröfur sem liggja til grundvallar við eftirlit með dýraheilbrigði við innflutning dýra frá þriðju ríkjum. Kæmi til aðildar að ESB og innleiðingar þessarar gerðar að fullu, yrði frjálst að flytja lifandi dýr til Íslands frá þeim þriðju ríkjum sem ESB hefur samþykkt innflutning frá, án þess að þau færu í sóttkví hér á landi. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á dýraheilbrigði sökum næmni við erlendum dýrasjúkdómum. Þær gerðir sem voru rýndar í floknum um lifandi dýr eiga sér stoð í þessari tilskipun.

Í floknum um stjórnun vegna innflutnings á dýraafurðum er mikilvægasta gerðin tilskipun ráðsins nr. 97/78/EEC um þær kröfur sem liggja til grundvallar við eftirlit með dýraheilbrigði við innflutning á dýraafurðum frá þriðju ríkjum. Þessi tilskipun byggir að hluta til á tilskipunum nr. 89/662/EEC og nr. 90/425/EEC.

Tilskipun nr. 97/78/EEC nær ekki til dýraafurða sem farþegar sem koma til ESB mega hafa með sér í farangri. Um slíkan varning gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 206/2009/EC sem hefur verið rýnd. Reglugerðin gerir ráð fyrir að ferðamenn frá EES löndum geti ferðast með ótiltekið magn af löglega framleiddum dýraafurðum, þ.m.t. hráu kjöti.

### *3. Einstaklingsmerkingar dýra, skráning þeirra og flutningur – 4 flokkar*

Mikilvægasta gerðin í floknum um nautgripa er reglugerð þingsins og ráðsins nr. 1760/2000/EC um uppsetningu kerfis til að halda utan um einstaklingsmerkingar og skráningar á nautgripum og nautgripaafurðum. Þessi gerð er á lista yfir þær gerðir sem Ísland þarf að innleiða í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 21/2009 sem kemur til framkvæmda 1. nóvember 2011. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja rekjanleika á afurðum nautgripa.

Í floknum um einstaklingsmerkingar á svínunum er mikilvægasta gerðin tilskipun ráðsins nr. 64/432/EEC varðandi dýrasjúkdóma sem geta haft áhrif á verslun innan ESB með lifandi nautgripa og svín. Þessi gerð fellur ekki undir EES samninginn og hefur því verið rýnd. Markmið tilskipunarinnar er að skapa aðstæður til sameiginlegs markaðar fyrir svína- og nautakjöt á EES-svæðinu. Kæmi til aðildar að ESB og innleiðingar þessarar gerðar, yrði frjálst að flytja lifandi dýr til Íslands frá aðildarlöndum EES svæðisins, án þess að þau færu í sóttkví hér á landi. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á dýraheilbrigði sökum næmni við erlendum dýrasjúkdómum. Gerðir sem rýndar eru í þessum flokki eiga sér stoð í þessari tilskipun.

Í floknum um einstaklingsmerkingar á sauðfé og geitum er mikilvægasta gerðin reglugerð ráðsins nr. 21/2004/EC um uppsetningu kerfis til að halda utan um einstaklingsmerkingar og skráningar á sauðfé og geitum. Þessi gerð er á lista yfir þær gerðir sem Ísland þarf að innleiða í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 25/2005 sem kemur til framkvæmda 1. nóvember 2011. Þetta er nauðsynlegt vegna rekjanleika á afurðum sauðfjár og geita.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Í flokknum um einstaklingsmerkingar hesta er mikilvægasta gerðin tilskipun ráðsins nr. 90/426/EEC um heilbrigðiskröfur vegna flutninga innan ESB og innflutnings á hófdýrum frá þriðju ríkjum. Þessi gerð fellur ekki undir EES samninginn og hefur því verið rýnd. Markmið tilskipunarinnar er m.a. að marka sameiginlegar reglur fyrir flutninga innan ESB og innflutning á hófdýrum frá þriðju ríkjum. Kæmi til aðildar að ESB og innleiðingar þessarar gerðar, yrði frjálst að flytja lifandi hófdýr til Íslands bæði frá aðildarlöndum að EES svæðinu og þeim þriðju löndum, sem ESB samþykkir, án þess að þau færu í sóttkví hér á landi. Slíkur innflutningur getur haft áhrif á dýraheilbrigði sökum næmni við erlendum dýrasjúkdómum. Gerðir sem rýndar eru í þessum flokki eiga sér stoð í þessari tilskipun.

#### 4. Stjórnun vegna dýrasjúkdóma – 13 flokkar

Almennt hefur ekki verið samið við ESB um gerðir í þessum undirkafla þar sem þær varða allar dýrasjúkdóma. Þær hafa því allar verið rýndar. Kæmi til aðildar að ESB og innleiðingar á gerðum sem heimiluðu frjálstan innflutning á dýrum, þyrfti að innleiða allar þessar gerðir. Gerðar eru sérstakar kröfur um gerð og viðhald viðbragðsáætlana, framkvæmd æfinga og fræðslu til dýraeigenda og dýralækna í því skyni að efla árvekni og vitund um sjúkdómama.

Samið hefur verið um að Ísland innleiði nokkrar gerðir þar sem um er að ræða gerðir sem fjalla um sjúkdómsvalda sem geta borist í menn og eru því nauðsynlegur hluti af matvælalöggjöfinni vegna matvælaöryggis. Þessar gerðir hafa ekki verið rýndar sérstaklega.

Þetta á við um reglugerð þingsins og ráðsins nr. 2160/2003/EC – og um afleiddar gerðir - um eftirlit með salmonellu og nokkrum öðrum örverum sem geta borist í menn með dýraafurðum. Þessi gerð er á lista yfir þær gerðir sem Ísland þarf að innleiða í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 49/2005 sem kemur til framkvæmda 1. nóvember 2011.

Þetta á einnig við um reglugerð þingsins og ráðsins nr. 999/2001/EC um kröfur vegna fyrirbyggjandi aðgerða, stjórnunar og útrýmingu á ákveðnum smitandi heilahrönnunar sjúkdómum. Þessi gerð er talin nauðsynlegur hluti „matvælapakkans“ þar sem hún fjallar m.a. um kúariðu, sem er talin geta borist með dýraafurðum í menn. Hún er á lista yfir þær gerðir sem Ísland þarf að innleiða í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar frá 2007 sem kemur til framkvæmda 1. nóvember 2011.

Þessum undirkafla tilheyrja einnig nokkrar gerðir sem varða fiskeldi og skelfiskeldi og sem hafa verið innleiddar fyrir nokkrum árum í samræmi við eldri skuldbindingar vegna EES samningsins.

#### 5. Verslun á innri markaðinum með lifandi dýr og erfðaeefni þeirra – 9 flokkar

Almennt hefur ekki verið samið við ESB um gerðir í þessum undirkafla þar sem þær varða allar ýmsar kröfur sem gerðar eru með verslun á innri markaðinum með lifandi dýr og erfðaeefni þeirra m.t.t. dýrasjúkdóma. Þær hafa því allar verið rýndar. Kæmi til aðildar að ESB án þess að samningar hefðu náðst um undanþágur vegna gerða sem heimiluðu frjálstan innflutning á dýrum, þyrfti einnig að innleiða þessar gerðir.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Almennt er að finna ákvæði í þessum gerðum, sem varða nokkra dýrasjúkdóma, sem aðildarlöndin eiga að tryggja að finnast ekki í þeim dýrum og erfðæfni þeirra, sem flytja á milli landanna.

Mikilvægustu gerðirnar eru:

Tilskipun ráðsins nr. 64/432/EEC um heilbrigðisvandamál dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín.

Tilskipun ráðsins nr. 92/65/EEB um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EEB gilda ekki um

Tilskipun ráðsins nr. 91/68/EEC um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur.

Tilskipun ráðsins nr. 90/426/EEC um heilbrigðiskröfur vegna innflutnings á hófdýrum frá þriðju ríkjum.

Tilskipun ráðsins nr. 2009/158/EC um dýraheilbrigði vegna viðskipta innan Bandalagsins og innflutnings frá þriðju ríkjum á alifuglum og frjóeggjum.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005 um dýraheilbrigðiskröfur við flutning á sirkusdýrum milli aðildarríkja.

#### *6. Flutningar gæludýra í einkaeigu – 1 flokkur*

Mikilvægasta gerðin í þessum undirkafla er reglugerð þingsins og ráðsins nr. 998/2003 um dýraheilbrigðiskröfur sem eiga við um flutning gæludýra í fylgd með eigendum og sem breytir tilskipun ráðsins nr. 92/65/EEC.

Reglugerðin fjallar bæði um för gæludýra í fylgd með eigendum milli aðildarlanda ESB og við innflutning frá þriðju ríkjum. ESB gerir mun á slíkum dýrum og gæludýrum sem flutt eru milli landa til sölu.

Markmið með reglugerðinni er að koma í veg fyrir útbreiðslu á hundæði og nokkrum öðrum gæludýrasjúkdómum við innflutning til og á milli EES landa. Noregur hefur innleitt þessa gerð og Sviss gert sérsamninga við ESB. Eins og er hafa nokkur lönd í ESB og Noregur haft sér ákvæði varðandi þessar reglur á grundvelli betri sjúkdómsstöðu. Þetta eru eyríkin Írland, Stóra Bretland, Malta, Kýpur og svo Svíþjóð og Finnland. Almennt gildir um flutning á gæludýrum innan EES svæðisins – utan Íslands – að gæludýr geta fylgt eigendum sínum á milli landanna, ef þau hafa sérstakan passa þar sem fram kemur allt um þeirra heilbrigði og bólusetningar. Löndin sem upp eru talin hér að ofan geta gert ríkari kröfur á grundvelli betri stöðu, t.d. varðandi hundæði, sullaveiki bandormsins og nokkurra sníkjudýra.

#### *7. Bönnuð efni og eftirlit með efnaleifum – 2 flokkur*

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Gerðir samkvæmt þessum undirkafla hafa flestar verið teknar inn í EES samninginn og hafa því ekki verið rýndar.

8. *Kröfur vegna innflutnings á lifandi dýrum og afurðum þeirra – A og B hlutar með 12 flokkum*

Almennt hefur ekki verið samið við ESB um gerðir í þessum undirkafla þar sem þær varða allar ýmsar kröfur sem gerðar eru vegna innflutnings á lifandi dýrum og erfðaefni þeirra m.t.t. dýrasjúkdóma. Þær hafa því flestar verið rýndar. Kæmi til aðildar að ESB án þess að samningar hefðu náðst um undanþágur vegna gerða sem heimiluðu frjálsan innflutning á dýrum, þyrfti einnig að innleiða þessar gerðir, sem kröfur til innflutnings frá þriðju ríkjum.

Almennt er að finna ákvæði í þessum gerðum, sem varða nokkra dýrasjúkdóma, sem útflutningslöndin eiga að tryggja að finnist ekki í þeim dýrum og erfðaefni þeirra, sem flytja á til Bandalagsins.

Frjáls innflutningur dýra til Íslands gæti haft áhrif á dýraheilbrigði sökum næmni við erlendum dýrasjúkdómum.

Mikilvægustu gerðirnar í þessum undirkafla eru:

Tilskipun ráðsins nr. 2004/68/EB um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og flutnings í gegnum aðildarlöndin á tilteknum hóf- og klaufdýrum og felur í sér breytingu á tilskipunum nr. 90/426/EBE og nr. 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun nr. 72/462/EBE

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2007/240/EC um ný dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á lifandi dýrum, sæði, fósturvísu, eggjum og afurðum úr dýraríkinu til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun nr. 79/542/EEC, 92/260/EEC, 93/195/EEC, 93/196 / EBE, 93/197/EEC, 95/328/EEC, 96/333/EC, 96/539/EC, 96/540/EC, 2000/572/EC, 2000/585/EC, 2000/666/EC , 2002/613/EC, 2003/56/EC, 2003/779/EC, 2003/804/EC, 2003/858/EC, 2003/863/EC, 2003/881/EC, 2004/407/EC, 2004/438/EC, 2004/595/EC, 2004/639/EC og 2006/168/EC

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar EC nr. 798/2008 um lista yfir þau þriðju lönd og svæði innan þriðju landa, sem mega flytja alifugla og alifuglaafurðir inn og í gegnum Bandalagið og um nauðsynleg vottorð þar að lútandi.

Tilskipun ráðsins nr. 88/407/EEC um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á sæði húsdýra af nautgripakyni.

Tilskipun ráðsins nr. 99/429/EEC um hvaða heilbrigðiskröfur gilda þegar verslað er með sæði úr svínum innan Bandalagsins og þegar það er flutt inn frá þriðju löndum.

9. *ESB og alþjóðlegir samningar*

Fjallað er um alþjóðasamninga um dýraheilbrigði í greinargerð um 30. kafla aðildarviðræðnanna.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.



### 10. Dýravelferð – I og II hlutar 6 flokkar

Almennt hefur ekki verið samið við ESB um gerðir í þessum undirkafla þar sem þær varða allar ýmsar kröfur sem gerðar eru vegna lifandi dýra. Þær hafa því flestar verið rýndar. Kæmi til aðildar að ESB án þess að samningar hefðu náðst um undanþágur vegna gerða sem heimiluðu frjálsan innflutning á dýrum, þyrfti einnig að innleiða þær. Hingað til hefur ESB í tvíhliða viðræðum við Ísland, viljað tengja saman allar gerðir sem varða verslun með dýr, dýraheilbrigði, dýravelferð og búfjárrækt og er reiknað með því að svo verði einnig nú í aðildarviðræðunum.

Mikilvægustu gerðir í þessum undirkafla eru:

Tilskipun ráðsins nr. 98/58/EC um kröfur sem gerðar eru til dýraverndar búfjár.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/778/EC um lágmarkskröfur um söfnun upplýsinga hjá búum sem eru með húsdýr.

Tilskipun ráðsins nr. 1999/74/EC um lágmarkskröfur til verndar varphænsnum. Í þessari gerð er krafa um að allar varphænur sé aldar á gólfi en ekki í búrum, eins og algengast er á Íslandi og þetta gæti því haft í för með sér kostnað fyrir eggjaframleiðendur.

Tilskipun ráðsins nr. 2007/43/EC um lágmarkskröfur um dýravelferð kjúklinga til kjötframleiðslu

Tilskipun ráðsins nr. 2008/119/ESB 18. desember 2008 um framkvæmd lágmarks staðla til verndar kálfum.

Tilskipun ráðsins nr. 2008/120/EC frá 18. desember 2008 um lágmarkskröfur um aðbúnað svína.

Reglugerð ráðsins nr. 1/2005 um dýravelferð vegna flutninga á dýrum og varða breytingar á tilskipunum nr. 64/432/EEC, nr. 93/119/EC og reglugerð nr. 1255/97/EC

Reglugerð ráðsins 1099/2009/EC um dýravelferð við slátrun dýra.

### 11. Búfjárrækt – 7 flokkar

Ekki hefur verið samið við ESB um gerðir í þessum undirkafla þar sem þær varða allar ýmsar kröfur sem gerðar eru vegna lifandi dýra. Þær hafa því flestar verið rýndar. Það er sameiginlegt með þessum gerðum að kæmi til aðildar að ESB án þess að samningar hefðu náðst um undanþágur vegna gerða sem heimiluðu frjálsan innflutning á dýrum, þyrfti einnig að innleiða þær.

Markmið með þessum gerðum er að tryggja markaðsfrelsi og sem jafnasta aðstöðu búfjárframleiðenda til viðskipta á milli aðildarlanda ESB og við þriðju lönd. Í þessum gerðum er lögð mikil áhersla á gott kynbótaskýrsluhald og þekkingu á ætt og uppruna gripanna. Þær fjalla um viðurkenningu ræktunarfélaga sem viðhalda eða stofna hjarðbækur vegna kynbótastarfs, aðferðir við kynbótamat hreinræktaðra dýra og hvernig hægt er að skrá þau í hjarðbækur. Fjallað

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

er um útgáfu upprunavottorða fyrir skráð dýr og um vottorð fyrir erfðaeefni svo sem sæði, egg og fósturvísa og um þær heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til verslunar á kynbótadýrum milli ESB landa og vegna innflutnings á þeim og erfðaeefnum þeirra. Almennt má telja að kynbótaskýrsluhald Bændasamtaka Íslands í hinum ýmsu búfjargreinum uppfylli skilyrði þessara gerða.

Á Íslandi skortir lög um hreinræktun og ættbók íslensks búfjár, nema hvað varðar lög um hreinræktun íslenska hestsins.

Mikilvægustu gerðir eru:

Tilskipun ráðsins nr. 2009/157/ESB um hreinræktun dýra af nautgripakyni

Tilskipun ráðsins nr. 88/661/EBE um ræktunarstaðla sem gilda í svínarækt

Tilskipun ráðsins nr. 89/361/EBE um hreinræktað kynbótafé og –geitur

Tilskipun ráðsins nr. 90/427/EEC um kröfur til upprunaskráningar og ræktunar hrossa sem eru notuð í viðskiptum innan Evrópusambandsins

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 504/2008/EC um aðferðir til merkingar hófdýra skv. tilskipunum ráðsins nr 90/426/EEC og nr. 90/427/EEC.

Tilskipun ráðsins nr. 94/28/EC um þær kröfur sem gerðar eru vegna ræktunarsjónarmiða og erfðafræðilegra sjónarmiða vegna innflutnings frá þriðju ríkjum á dýrum og erfðaeefni þeirra og breytir tilskipun nr. 77/504/EEC (nú tilskipun ráðsins nr. 2009/157/EC) vegna hreinræktaðra nautgripa.

### *12. Dýraheilbrigði og fjármál*

Mikilvægasta gerðin í þessum undirkafla er ákvörðun ráðsins nr. 2009/470/EC um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála. Ákvörðunin mælir fyrir um ferli við veitingu fjárhagsaðstoðar ESB vegna eftirlits með dýraheilbrigði og aðgerða til að útrýma og hafa eftirlit með dýrasjúkdómum. Sem dæmi um fjárhagsaðstoð má nefna skaðabætur til bænda vegna slátrunar búfenaðar í tengslum við smitsjúkdóma, styrkir til rannsóknarstofa og greiðsla vegna bólusetningar búfenaðar.

### *Áhrif kafla*

#### **• Helstu lagabreytingar**

Íslensk lög er fjalla um þennan hluta löggjafar 12. samningskafla eru:

1. Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim
2. Lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr
3. Lög um innflutning dýra nr. 54/1990
4. Lög um búfjánhald nr. 103/2002

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

5. Lög um dýravernd nr. 15/1994
6. Búnaðarlög nr. 70/1998

Í áliti meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis vegna aðildarumsóknar að ESB segir að sóst skuli eftir því að undanþágu um viðskipti með lifandi dýr verði viðhaldið.

Kæmi til aðildar að ESB án þess að samningar hefðu náðst um undanþágur vegna gerða sem heimiluðu frjálstan innflutning á dýrum, er ljóst að breyta þyrfti lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Lög nr. 103/2002 og nr. 15/1994 eru í endurskoðun. Búast má við að breyta þurfi lögum nr. 70/1998 til að setja nánari reglur um hreinræktun og ættbók íslensks búfjár.

- **Kerfisbreytingar / stofnanir**

Kerfisbreytingar eru ekki fyrirséðar, en skoða þarf starfsemi landamærastöðva með hliðsjón af því að allar dýraafurðir og lifandi dýr frá þriðju ríkjum þurfa að fara um landamærastöð. Í dag fara eingöngu sjávarafurðir um landamærastöðvar, en þetta mun breytast 1. nóvember 2011 þegar ESB löggjöf um búfjárafurðir tekur gildi. Starfsemi landamærastöðva þarf einnig að skoða með hliðsjón af niðurstöðu viðræðna við ESB vegna viðskipta með lifandi dýr.

- **Fjárhagsleg áhrif**

Frjáls innflutningur lifandi dýra gæti haft áhrif á heilbrigðisstöðu íslenskrar búfjárræktar. Búfjárjúkdómar sem eru landlægir erlendis og ekki er kveðið á um að skimað sé fyrir í gerðum um verslun með dýr gætu jafnframt borist til landsins. Í slíkum tilfellum tekur framkvæmdastjórn ESB á mörgum sviðum þátt í þeim kostnaði sem aðildarlönd verða fyrir að hluta til eða öllu leyti.

Ítarleg greining á fjárhagslegum áhrifum einstakra gerða hefur ekki farið fram en ljóst er að innleiðingu gerða sem varða dýrasjúkdóma, fylgja auknar kröfur um skimanir og sýnatökur, viðbragðsáætlanir og æfingar vegna þeirra, viðbúnað ef sjúkdómar koma upp og fjölgun starfsfólks sem sinnir þessum málaflokki.

Í dag fara eingöngu sjávarafurðir um landamærastöðvar, en þetta mun breytast 1. nóvember 2011 þegar ESB löggjöf um búfjárafurðir tekur gildi. Líklega mun einhver kostnaður fylgja breytingum á landamærastöðvum vegna þessa.

Búast má við kostnaði við einstakar gerðir á meðan unnið er að því að fá viðurkenningu á því að Ísland sé laust við þá sjúkdóma sem gerðin kveður á um. Þetta er mikilvægt til að Ísland geti sótt um að fá viðbótarábyrgðir.<sup>1</sup> Þetta þýðir að Ísland, að fengnum slíkum ábyrgðum, gæti gert kröfur um að öll dýr flutt til landsins væru með sérstök vottorð um að vera laus við viðkomandi sjúkdóm. Sem dæmi má nefna nautgripaberklar (Tuberculosis), smitandi fósturlát (Brucellosis) og smitandi hvítblæði (Enzootic bovine leukosis).

---

<sup>1</sup> Kerfi viðbótarábyrgða felst í því að þeir sem senda vörur til landa sem fengið hafa slíkar viðbótarábyrgðir samþykktar þurfa að láta framkvæma greiningu á rannsóknastofu til þess að sanna að viðkomandi vara sé ekki sýkt áður en hún er send.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

## **EES**

- **Staða innleiðingar**

Stærstur hluti löggjafar 12. kafla um dýraheilbrigði er undanþegin EES-löggjöfinni. Frá þessari meginreglu er undantekning hvað varðar löggjöf sem varðar fisk- og skelfiskeldi, þar með talið ákvæði um innflutning eldisdýra og sjúkdóma í þessum dýrum. Við upptöku Íslands á matvælalöggjöf ESB í EES samninginn fékk Ísland aðlögunarfrest til 1. nóvember 2011 til þess að innleiða í íslenska löggjöf efnisákvæði er vörðuðu landbúnaðarafurðir þ.e. kjöt, mjólk og egg. Nokkrar gerðir falla undir dýraheilbrigði. Þar má m.a. nefna gerðir sem varða hollustu dýraafurða, einstaklingsmerkingar dýra og gagnagrunna, sem talið er að tilheyri matvælaöryggi vegna ákvæða um rekjanleika. Unnið er að innleiðingu þessarar löggjafar ESB í íslenskan rétt ásamt annarri EES löggjöf.

- **Undanþágur**

Eins og að ofan greinir er stærstur hluti löggjafar 12. kafla um dýraheilbrigði undanþegin EES-löggjöfinni með tilgreindum undantekningum og hefur verið svo allt frá upphafi EES samningsins. Allar gerðir sem varða verslun með lifandi dýr, dýravelferð og búfjárrækt eru undanþegnar EES löggjöfinni. Flestar gerðir sem varða dýrasjúkdóma eru undanþegnar, nema þær sem varða sjúkdóma sem geta borist á milli manna og dýra.

Helstu rök fyrir undanþágunum eru langvarandi einangrun íslenskra búfjárstofna m.a. vegna legu landsins og strangra innflutningsreglna hefur leitt til þess að hér á landi finnast tiltölulega fáir dýrasjúkdómar. Ennfremur hefur ríkt hér á landi löng hefð fyrir því að útrýma ýmsum búfjársjúkdómum sem hafa borist hingað, með umtalsverðum kostnaði fyrir ríki og búfjáreigendur. Má í þessu sambandi nefna mæðiveikina og fjárkláðann í sauðfé og berkla og hringskyrfi í nautgripum.

Nefna má að Ísland hefur þrjár mikilvægar undanþágur frá reglugerð ESB nr. 999/2001, svokallaðri riðureglugerð, sem fellur undir ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar frá 2007 og kemur til innleiðingar frá og með 1. nóvember 2011.

Það er í fyrsta lagi varðandi heimild til að nota fiskimjöl sem fóður fyrir jörturdýr þar sem fiskimjöl er mikilvægur próteingjafi fyrir jörturdýr á Íslandi og hefur verið það um langt skeið. Engin vísindaleg rök styðja bann við notkun á fiskimjöli sem fóður fyrir jörturdýr og kostnaðarsamt yrði fyrir íslenska bændur að skipta um próteingjafa.

Í öðru lagi hefur Ísland undanþágu til að banna innflutning á kjöt- og beinamjöli og afurðum sem innihalda slíkar afurðir, þar sem þetta tengist vörnum gegn dýrasjúkdómum og sjúkdómum í mönnum sem gætu borist með afurðum dýra svo sem kúariðu.

Í þriðja lagi er í gildi sérstök undanþága frá þessari reglugerð varðandi ræktun á sauðfé sem talið er hafa arfbera fyrir þöli gegn riðuveiki.

### ***Alþjóðasamningar sem eiga undir kaflann***

Fjallað er um alþjóðasamninga í greinargerðum um 30. kafla aðildarviðræðanna þ.e. utanríkisstengsl og utanríkisviðskipti.

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

### ***ESB stofnanir og sjóðir sem eiga undir kaflann***

Helstu stofnanir ESB sem varða þennan kafla eru DG SANCO framkvæmdastjórnarinnar og FVO (Food and Veterinary Office) sem er eftirlitsstofnun ESB á þessu sviði. FVO hefur komið í eftirlitsferðir til Íslands á undanförunum árum, vegna framleiðslufyrirtækja í kjöt- og mjólkuriðnaði sem hafa fengið leyfi til að selja vörur til ESB landa. Á árinu 2010 kom FVO í tvær eftirlitsferðir vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á matvælalöggjöfinni. Yfirleitt er fulltrúi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) með í för FVO.

Einnig má í þessu sambandi nefna EFSA (European Food Safety Authority) eða matvælaöryggisstofnun Evrópu, sem framkvæmir áhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarlöndin. Með innleiðingu matvælalöggjafarinnar fékk Ísland aðild að stofnuninni. Árlegur kostnaður vegna aðildar er um 10 milljónir, en á móti kemur að stofnunin greiðir allar ferðir vegna funda á vegum stofnunarinnar.

### ***Sjónarmið sem mikilvægt er að hafa í huga þegar til viðræðna kemur***

- **Mikilvægustu hagsmunir**

Mikilvægustu hagsmunir Íslands hvað varðar dýraheilbrigði eru án efa þeir að sótt verði um áframhaldandi undanþágur frá löggjöf ESB sem varðar frjálst flæði á lifandi dýrum og löggjöf um dýrasjúkdóma.

Helstu rök Íslands eru:

1. Langvarandi einangrun íslenskra búfjárstofna m.a. vegna legu landsins og strangra innflutningsreglna sem hafa leitt til þess að hér á landi finnast tiltölulega fáir dýrasjúkdómar miðað við önnur lönd.
2. Það er mikið hagsmunamál íslensks landbúnaðar að koma í veg fyrir frjálstan innflutning á lifandi dýrum, þar sem slíkur innflutningur gæti haft áhrif á þá heilbrigðisstöðu sem íslensk búfjárrækt býr við í dag. Búfjársjúkdómar sem eru landlægir erlendis og ekki er kveðið á um að skimað sé fyrir þeim í gerðum um verslun með dýr gætu jafnframt borist til landsins.
3. Hér á landi eru sérstök kyn nautgripa, hesta, sauðfjár og geita, sem æskilegt er að halda sem hreinum stofnum. Frjáls innflutningur lifandi dýra gæti raskað verulega stöðu einstakra dýrategunda hvað varðar hreinleika stofnanna. Það er skylda stjórnvalda í hverju ríki að gæta þess að viðhalda fjölbreyttum og hreinum dýrastofnum. Ríkisstjórn Íslands hefur skrifað undir samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika og í gildi er reglugerð nr. 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Reglugerð þessi er sett með skírskotun til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda þjóðir heimsins sig til að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Litið er á líffræðilega fjölbreytni sem sameiginlega auðlind alls mannkyns. Jafnframt er lögð áhersla á umráðarétt þjóða yfir eigin erfðaauðlindum og þar með ábyrgð á verndun þeirra.

Þrátt fyrir innflutningsbann vegna lifandi dýra er heimilt samkvæmt 2. mgr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, þ.m.t. hrogn

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður tilteknum skilyrðum. Rétt er að vekja athygli á því að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.

- **Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum**

Dæmi eru um að ríki hafi samið um að halda eigin reglum um dýralæknaskoðanir vegna innflutnings í allt að fimm ár eftir aðild. Einnig eru dæmi um að samið hafi verið um aukaskoðanir á dýrum frá svæðum þar sem verið hafa sjúkdómar.

- **Hugsanlegar sérlausnir fyrir Ísland**

Eðlilegt er Ísland sæki um undanþágur frá löggjöf ESB hvað varðar frjálst flæði á lifandi dýrum og löggjöf um dýrasjúkdóma.

Slíkar undanþágur væru byggðar á sérstöðu landsins hvað varðar heilbrigðisstöðu búfjárins, næmni fyrir erlendum sjúkdómum og einnig á nauðsyn þess að viðhalda hreinum og sérstökum búfjárstofnum.

-----

---

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.